

13/11 2018

Bæjarstjórn Akraness fagnar því að Vesturlandsvegur um Kjalarnes sé kominn á samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2023 og áætlað sé að verja 3,2 milljörðum í verkefnið á því tímabili. Einnig fagnar bæjarstjórn því að Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029, sem unnin var í samvinnu sveitarfélaga á Vesturlandi, skuli hafa verið höfð til hliðsjónar við gerð samgönguáætlunar og hvetur til þess að svo verði áfram.

Bæjarstjórn Akraness áréttar að mjög brýnt er að flyta framkvæmdum á Kjalarnesi þar sem ástand vegarins er með öllu óásættanlegt og öryggi vegfarenda er teft í hættu. Daglega fara um veginn þúsundir bíla og sífellt eykst fjöldi óöruggra vegfarenda sem fara um veginn. Brýnt er að framkvæmdir hefjist sem fyrst.

Einnig skorar bæjarstjórnin á samgönguráðherra að hefja án tafar undirbúning að lagningu Sundabrautar, sem bætir umferð til og frá höfuðborginni og eykur umferðar- og almannaoryggi. Því fyrr sem raunhæfur undirbúningur verkefnisins hefst eru meiri líkur á að framkvæmdir geti farið af stað innan fárra ára.

Þess vegna hvetur bæjarstjórn Akraness samgönguráðherra til þess að íhuga alla möguleika varðandi fjármögnun mikilvægra samgönguverkefna svo unnt verði að ráðast fyrr í nauðsynlegar vegaumbætur eins og lagningu Sundabrautar. Bæjarstjórn Akraness hvetur jafnframt samgönguráðherra að gæta jafnræðis milli landshluta í ákvörðunum sínum um samgönguverkefni sem fara í blandaða fjármögnunarleið.

Áskorunin er send samgönguráðherra, formanni samgönguráðs, þingmönnum NV kjördæmis og þingmönnum Reykjavíkur.

Valgarður L. Þórhallsson  
Eisa Laíra Arnardóttir  
Ragnheiður Sæmundsson  
Bára Þáðadóttir  
Gerdur Jóhanna Jóhannsdóttir  
Einar Brandsson  
Ólafur Hauksson  
Rakel Óskarsdóttir  
Sandra M. Sigrún Ónsdóttir